

1868.
25. marz.

til Reykjavíkur, sökum þess að hann fái ekki að vera lengur en þangað til að sumri komanda í húsi því í Hafnarfirði, er hann nú býr í, og hann geti ekki fengið sér neinn hæfilegan bústað annarstaðar í tæðu kaupúni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið vegna þessara sérstöku kringumstæða er því ekki mótfallið, að Clausen sýslumaður taki sér bólfestu í Reykjavík fyrst um sinn, en samt með því skilyrði, að hann fái áreiðanlegan mann í Hafnarfirði til að rannsaka og rita á skipaskjöl.

26. marz.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ólöglegar síldarveiðar inni á Eyjafirði.

Í bréfi því, er fylgir hér með í eptirriti, hefir Stefán Thórarensen, bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, skýrt frá, að A. Johannessen, skipherra á norskrí skonnortu, Auróra, hafi veidt síld inni á Eyjafirði í ágústmánudi f. á., sumpart alveg upp í landsteinum, sumpart á bátum, og sumpart með því að draga veiðina upp á land, og hefir tæður embættismaður getið þess, að með því að ekki sé til neinar laga-ákvarðanir um, hver hegning liggi við slíku lagabroti, hafi sér fundið réttast að skjóta til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, sem með þyrftu, til að útkljá um málefni þetta.

Um leið og þér, herra amtmaður, eruð beðnir að láta Stefán sýslumann Thórarensen vita, að skoðun sú, sem hann hafi látið í ljósi, að ekki sé lögð nein hegning í löggjöfnni við slíkum lagabrotum, sé röng, þar sem tilskipun 13. júnímán. 1787 2. og 4. gr., sem að því leyti verða að álitast gildar enn þá, leggur þá hegningu við ólögmætum fiskiveiðum, að skip og vörur skuli upptækt, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið Stefáni sýslumanni Thórarensen

það, að dómsmálastjórnin hefir í dag ritað utanríkisstjórninni um, að fara þess á leit við stjórnina í Noregi, að skora á tæðan skipherra, að greiða sjálfviljugur eptir málavöxtum 50 ríkisdala sekt fyrir þetta lagabrot sitt.

1868.

26. marz.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um brúkun eittraðra skeyta við hvalaveiðar.

27. marz.

Útaf auglýsingu frá danska fiskiveiðafélaginu, er stóð í 7.—8. blaði Þjóðólfs frá 23. desembermán. f. á., sem kemur út í Reykjavík, um að fiskifélagið ætli sèr nú í ár að hafa þesskonar skeyti til að drepa hvali með, er gjöri þá óæta bæði fyrir menn og skepnur, og eru allir því varaðir við að færa sèr þá hvali í nyt, er drepnir verða á þenna hátt, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í tveim brèfum, öðru dagsettu 29. og hinu 30. desembermán. f. á., skotið til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, er geti verndað líf og heilbrigði landsmanna, þeirra er búa meðfram ströndunum, fyrir hættu þeirri, er þeim virðist vera búin, ef að það er áform tæðs félags að drepa hvalina með eitruðum vopnum.

Stjórnarráðið leitaði skýrslu fiskifélagsins um þetta áform þess, og skýrði það frá í bréfi 7. f. m., er fylgir hér með í eptirriti, að félagið því að eins, að öll önnur viðleitni til að gjöra hvalaveiðarnar arðsamar mistakist, ætli sèr að gjöra tilraunir með skeytum fylltum með eitri, og ef að það reynist af tilraunum á skepnum að vera hættulegt að neyta kjötsins af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, þá muni félagið gefa frá sèr að drepa þá á eitri. Stjórnarráðið fékk því næst skýrslu frá hinu konunglega heilbrigðisráði, er einnig fylgir í eptirriti með bréfi þessu, og skoraði það á stjórnarráðið að gjöra allt hvað það gæti til að sporna við, að slík veiðiaðferð væri höfð á þeim stöðvum, er búast mætti við, að dauðir hvalir kynnu að reka þaðan upp á strendur, þar sem eru mannabygðir og